

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	<b>Fatasaumur – snið FAT203</b>	
Samþykkt: HJS	<b>Kennsluáætlun haustönn 2011</b>	
Síða 1 af 2		

**Kennari:**

Sólveig Þóra Jónsdóttir [sthj@vma.is](mailto:sthj@vma.is)

**Sk.stöfun**

**SÓL**

**Viðtalstími:** Miðvikudagur 11:25 - 12:05

### Áfangalýsing:

Að nemendur læri að teikna grunnsnið. Lögð er áhersla á útfærslu eigin hugmynda út frá grunnsniðum og sniðútfærslum í minni skala. Nemendur læra mikilvæga grunnvinnu sem er fólgin í að teikna snið, sauma prufuflíkur, máta á gínu og gera sniðbreytingar. Mikilvægt er að nemandinn þroski og þrói með sér tilfinningu fyrir formi, litum, eftirskýringum og notagildi. Að nemendur öðlist færni í að vinna og þroa eigin hugmyndir í fatagerð.

### Kennslumarkmið:

Við lok áfangans er stefnt að því að nemandinn:

- skilji skýringa og leiðbeiningartexta og skilji skýringarmyndir
- hafi náð tökum á orðaforða greinarinnar
- hafi þjálfað skapandi og sjálfstæð vinnubrögð
- kunni að taka mál og máta
- viti hvaða vefjarefni henta í mismunandi fatnað
- geti unnið prufuflíkur á gínu, lagfært og skráð breytingar
- kunni að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í  $\frac{1}{4}$  stærð grunnsniða
- kunni að yfirfæra sniðútfærslur í minni skala í fulla stærð

<b>Námsmat</b>	<b>Lýsing Vægi</b>	
Vinnubók	Vinnubók með sniðteikningum	20%
Flíkur	Hugmyndavinna, útfærsla á sniðum, prufusaumur og flíkur (prufuflík 25% fullunnin flík í efni 35%)	60%
Ástundun	Vinna í tínum, kennari fylgist með vinnubrögðum	15%
Mæting		5%

Í lok annar skilar nemendi vinnubók og flíkum. Þau verk sem ekki er náð í á prófsýnidag eru geymd í eitt ár en síðan er þeim fargað.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>		
Útgáfa: 07			
Dags.: 08.04.2010	<b>Fatasaumur – snið FAT203</b>		
Höfundur: GLÁ	<b>Kennsluáætlun haustönn 2011</b>		
Samþykkt: HJS			
Síða 2 af 2			

**Vika Námsefni (verklegur hluti) verkefni**

- 34 Innangur að sniðteikningu. Uppsetning bókar, upplýsingar og ráðleggingar. Heppilegur útbúnaður. Skammstafanir, orða og merkjaútskýringar. Byrjað að teikna í  $\frac{1}{4}$  skyrta.
- 35-37 Grunnsnið teiknuð í  $\frac{1}{4}$  pils, buxur, bolur sportlegur jakki og stakur jakki.
- 38 Tískublöð skoðuð, nemendur skrá hugmyndir í formi skissuvinnu og tískuteiknunar í hugmyndabækur. Frjáls verkefni í samráði við kennara. (tvær flikur)
- 39-40 Byrjað að vinna sniðútfærslur eigin hugmynda í  $\frac{1}{4}$  stærð grunnsniða. (tvær útfærslur)
- 41-43 Sniðútfærslur yfirfærðar í fulla stærð. Sniðið í prufuefni og mátað á gínu, breytingar skráðar
- 44-47 Ein sniðútfærsla sniðin í efni sem nemendur kaupa. Flík fullkláruð og kynning á verkefnum í lokin.
- 48 Frágangur. Nemendur stilla upp verkefnum sínum/gestum boðið að skoða.

Athugið: Með vikunúmerum er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

**Tegund Námsgögn**

- Bækur Snið og sniðteikningar, kvenfatnaður. 1999 IÐNÚ, bókaútgafa Reykjavík (fæst á skrifstofu VMA)  
Höf. Öberg og Ersman, þýð. Ásdís Jóelsdóttir
- Tímarit Tískublöð í eigu skólans

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils